

67

10. des.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt
með viðauka árið 1959.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1959 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljótleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. desember 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gislason.

68

16. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Auk þeirrar hækkunar á bótum samkvæmt almannatryggingalögum, sem ákveðin hefur verið með lögum nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl., skulu bótafjárhæðir þær, sem ákveðnar eru í 13., 14., 15., 17., 18., 21., 23., 37. og 38. gr. laganna, hækka frá og með 1. september 1958 um 9½%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. desember 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Guðm. Í. Guðmundsson.